

Fyrsti stjórnarfundur undirbúningshóps Prentsöguseturs,

7. mars 2015 í Vörðuskóla

Mættir: Þórleifur Friðriksson, Svanhvít Stella Ólafsdóttir, Heimir Br. Jóhannsson, Svanur Jóhannesson, Haukur Már Haraldsson og Þóra Elfa Björnsson. Jón Sandholt komst ekki.

1. Haukur setti fundinn og lagði fram tillögu um verkaskiptingu stjórnar er var samþykkt og er með þessum hætti:
Formaður: Haukur Már Haraldsson
Varaformaður: Heimir Br. Jóhannsson
Gjaldkeri: Svanur Jóhannesson
Ritari: Þóra Elfa Björnsson
Meðstjórnendur: Þórleifur Friðriksson, Svanhvít S. Ólafsdóttir og Jón Sandholt.
2. Rætt um bakhópin og að enginn takmörk væru á fjölda í honum.
3. Þá var farið yfir pappíra sem þarf að útfylla til að gera setrið að lögformlegum aðila, einnig til að stofna bankareikning fyrir það.
4. Allir sammála um nauðsyn þess að móta lög og stefnuskrá, mætti gera í minni hópi.
5. Kanna þarf hvenær húsnæðið á Eyrarbakka verður tilbúið.
6. Stefnt skal að skoðunarferð á Eyrarbakka um leið og færð lagast.
7. Athuga þarf með geymslu fyrir hluti frá prentsmiðju Heimis, mikilsvert að skrá munina.

Önnur mál: Heimir sagðist geta flutt í rólegheitum kassa og fleira og mætti skrá úr þeim um leið, sagðist einnig eiga eigin skrá yfir munina.

Þóra Elfa sagði frá: 1) erindi frá Inga Rafni um verkefni sem fælist í að taka viðtöl við eldri iðnaðarmenn úr prentbransanum, menn leggi höfuðið í bleyti. 2) að brýn nauðsyn væri að í gang færi skráning hverskonar muna sem tengjast prentiðnaðinum, hvort sem það tengdist rannsóknarsviði setursins eða með öðrum hætti.

Heimir nefndi að í sínum forum væru afrit af viðtölum við hann og fleiri úr útvarpi og sjónvarpi. Rætt var um ýmsar upptökur sem til eru víða, einnig hvaða viðtalsaðferð væri gott að nota, eftir hverju væri verið að slægjast í svona viðtölum, einnig hver ætti að halda utan um svona verkefni og fleira.

DEB